

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina
Starfsheiti	Skrúðgarðyrkjufraeðingur
Dagsetning	8. janúar 2024
Útgáfunúmer	1.0

**Starfalyising:**

Skrúðgarðyrkjufraeðingur starfar við nýframkvæmdir og viðhald í gördum og á opnum svæðum auk þess að veita ráðgjöf um garðplöntur og garðrækt. Nýframkvæmdir telja m.a. hellulagnir, kantsteinalagnir, hleðslur, gerð grasflata, beða og annarra grænna svæða auk útplöntunar, uppsetningu leiktækja, lagningu fallvarnarefna og gerð malarstíga. Viðhald garða og annarra opinna svæða telur m.a. grasslátt, trjá og runnaklippingar, illgresishreinsun bæði í beðum og á hellulögðum svæðum, áburðargjöf og almenna hreinsun.

Skrúðgarðyrkjufraeðingur starfar hjá sjálfstætt starfandi skruðgarðyrkjumeistara, sveitarfélagi, fyrirtæki eða stofnun, þá gjarnan sem verkstjóri eða garðyrkjustjóri.

Skrúðgarðyrkja er löggild iðngrein.

**Hæfnikröfur:**

Hefur viðtæka sérþekkingu á jarðvegs- og yfirborðsefnum í skruðgarðyrkju s.s. hellum, hleðslusteinum, náttúrugrjóti, frostfríum jarðvegi, ræktunarjarðvegi, fallvarnarefnum á leiksvæði og öðru því sem notað er við lóðaframkvæmdir.

Getur skilið og lesið teikningar hönnuða og er fær um að setja þær út í land.

Skipuleggur lóðaframkvæmdir og áætla efnisþörf, innkaup og annað sem þarf við nýframkvæmdir eða endurnýjun lóða og annarra útisvæða.

Mótar land eftir teikningum og tryggir frárennsli vatns eftir viðeigandi leiðum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Hefur þekkingu og færni á frostfríu burðarlagi og uppbyggingu þess undir m.a. hellulagnir, hleðslur og annan búnað s.s. skjólgirðinga, sólpalla, leiktækja og umhverfi þeirra.

Hleður veggj úr forsteyptum einingum eða náttúrugrjóti, leggur hellur, kantsteina og gúmmihellur auk annarra yfirborðsefna sem tengjast yfirborðsfrágangi á lóðum og opnum svæðum.

Hefur þekkingu og færni við uppbyggingu grænna svæða s.s. mismunandi tegunda grasflata, gerð gróðurbeða, útplöntun, uppbindingar auk þekkingar er varðar gerð mismunandi íþróttavalla.

Útbýr leiksvæði, setur upp leiktæki og leggur fallvarnarefni svo þau uppfylli lög og reglur sem varða öryggi leiktækja, leiksvæða og eftirlit auk þess að þekkja viðeigandi staðla.

Hefur þekkingu og færni í að útfæra og framkvæma blágrænar ofanvatnslausnir á lóðum og öðrum opnum svæðum auk rótarvæns burðarlags fyrir götutré

Hefur þekkingu og færni við uppbyggingu og framkvæmdum við þakgarða og græna veggj.

Þekkir og leiðbeinir um val og meðferð helstu tegunda garðplantna fyrir íslenskar aðstæður og algengustu skaðvalda í garðrækt og mótvægisáðgerðir gegn þeim.

Útbýr og fylgir eftir umhirðuáætlunum fyrir lóðir og opin svæði.

Skipuleggur og framkvæmir umhirðu trjáa, klippingar, mótun og/eða fellingu þannig að ekki hljóttist af eigna- eða mannskaði.
Getur gert rekstraráætlanir og tilboð í verk hvort sem er á sviði nýframkvæmda, endurnýjunar eða umhirðu lóða og annarra útisvæða auk þess að hafa innsýn í rekstur skrudgarðyrkjufyrirtækis með þeim skyldum er því fylgir.
Er hæfur til að beita viðeigandi tækjabúnaði og verkfærum og meta hvaða búnaður hentar aðstæðum hverju sinni.
Þekkir grundvallaratriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir og reglum um meðferð og notkun hættulegra efna.
Þekkir gæðakröfur, gæðakerfi og gæðahandbækur og er fær um að leiðbeina öðrum s.s. iðnnemum og neytendum um fagleg verkefni.
Getur unnið sjálfstætt og leiðbeint öðrum í starfi auk þess að leggja mat á eigin vinnu.
Getur tjáð sig, munnlega og skriflega, um stöðu og framtíð greinarinnar út frá faglegum sjónarmiðum.
Þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
Er meðvitaður um siðferðilega stöðu sína.